

17. júlí 2025



Kynning á tillögu að breyttu fyrirkomulagi móttöku flóttafólks.

| **Stjórnarráð Íslands**
Félags- og húsnæðismálaráðuneytið

Umfang 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

Réttindasvið Vinnumálastofnunar annast afgreiðslu umsókna frá sveitarfélögum um endurgreiðslu kostnaðar skv. 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Endurgreiðslur vegna a-liðar 2. mgr. ákvæðisins nema um 2-3% af heildarendurgreiðslum ríkissjóðs vegna ákvæðisins, þeir sem eiga ekki lögheimili.

Endurgreiðslur á grundvelli b-liðar 2. mgr. ákvæðisins nema hins vegar um 97% af heildarendurgreiðslunum, þeir sem eiga lögheimili hér á landi.

Fjárhæð endurgreiðslna úr ríkissjóði til sveitarfélaga vegna 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga vegna áranna 2019-2024:

	2019	2020	2021	2022	2023	2024
15. gr. a)	46.327.403	800.713.141	945.032.353	61.320.975	66.976.848	109.302.365
15. gr. b)	38.559.656	719.699.378	365.698.878	1.732.209.069	4.580.835.392	3.286.134.625
Samtals	84.887.059	1.520.412.519	1.310.731.231	1.793.530.044	4.647.812.240	3.395.436.990

Á árinu 2024 skiptist kostnaður vegna endurgreiðslna skv. b-lið 2. mgr. 15. gr. laganna þannig að í kringum 82% kostnaðarins fór í almenna framfærslu, um 3% í ráðningarstyrki og starfsþjálfunarsamninga. Annar kostnaður eru þeir kostnaðarliðir sem vega í kringum 2% eða minna.

Endurgreiðsla vegna framfærslu á grundvelli b-liðar 2. mgr. ákvæðisins færð til Vinnumálastofnunar.

Endurgreiðsla vegna framfærslu er í dag um 85% af umsóknum sveitarfélaga til Vinnumálastofnunar um endurgreiðslu á grundvelli b-liðar 2. mgr. ákvæðisins.

Lagt er til að í stað þess að sveitarfélög greiði framfærslu til erlendra ríkisborgara, sem átt hafa lögheimili í landinu skemur en tvö ár, sem ríkissjóður endurgreiðir síðan til sveitarfélaganna sjái Vinnumálastofnun um að greiða umræddum einstaklingum framfærslu án milligöngu sveitarfélaganna.

Gert er ráð fyrir að eftir sem áður verði önnur aðstoð en framfærsla veitt umræddum einstaklingum af hálfu sveitarfélaga ef þörf er á samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.



Endurgreiðsla á grundvelli b-liðar 2. mgr. ákvæðisins takmarkist við einstaklinga sem fengið hafa vernd hér á landi

Lagt til að öll endurgreiðsla á grundvelli b-liðar 2. mgr. 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, takmarkist við einstaklinga sem fengið hafa vernd hér á landi, sbr. 1. mgr. 3. gr. a laga um málefni innflytjenda, enda sé viðkomandi búsettur hér á landi og hafi átt lögheimili í landinu skemur en tvö ár.

Gert er ráð fyrir að hið sama eigi við um veitta aðstoð til handa þolendum mansals, skv. 75. eða 76. gr. laga um útlendinga.

Skipting þeirra einstaklinga sem liggja að baki umsóknum sveitarfélaga á grundvelli 15. gr. er með eftirfarandi hætti vegna árána 2023 og 2024:

Ríkisfang skv. b-lið 2. mgr. 15. gr.		
	2023	2024
EES ríkisborgarar	2,6%	3,6%
Innflytjandi utan EES	9,7%	11,2%
Aðrir ríkisborgarar	87,7%	85,2%

Samræmd móttaka flóttafólks

Lagt er til að fallið verði frá gerð þjónustusamninga ríkis og sveitarfélaga um samræmda móttöku flóttafólks.

Í stað framangreindra samninga er lagt til að Vinnumálastofnun sinni gerð aðlögunaráætlunar einstaklinga sem fengið hafa vernd hér á landi.

Lagt er til að almennt verði miðað við að slík áætlun vari í allt að tvö ár eða skemur þar sem gert sé ráð fyrir fullri þátttöku viðkomandi einstaklinga og að Vinnumálastofnun verði veitt heimild í lögum til að skerða framfærslu til viðkomandi sé aðlögunaráætlun ekki sinnt án gildra ástæðna.

Í umræddum aðlögunaráætlunum skal meðal annars felast íslenskunám, samfélagsfræðsla og vinnumarkaðspjálfun.

Tryggt yrði að þeir sem eru óvinnufærir njóti annarrar virkni innan kerfisins.

Fyrirkomulag á öðrum Norðurlöndum

Fjárhagslegur stuðningur sem stefnir að því markmiði að auðvelda aðlögun einstaklinga sem fengið hafa vernd og tryggja afkomu viðkomandi þannig að grundvallarþarfir í efnahagslegu og félagslegu tilliti séu uppfylltar.

Þó að fyrirkomulag stuðningsins sé mismunandi eftir löndunum eru ákveðnir sameiginlegir þættir, svo sem að framfærsla sé tengd við virka þátttöku viðkomandi í aðlögunaráætlun sem almennt nær til tveggja eða þriggja ára, eða skemur, og felur m.a. í sér tungumálanám, samfélagsfræðslu og vinnumarkaðsþjálfun.

Almennt er vinnufærum einstaklingum með vernd skylt að taka þátt í slíkum aðlögunaráætlunum og heimild er til að skerða greiðslur eða stöðva þær alveg ef viðkomandi sinnir ekki aðlögunaráætlun sinni án gildra ástæðna.

Af hverju erum við að leggja þetta til?

Ríkið er að taka aukinn þunga af sveitarfélögum vegna móttöku flóttafólks.

Samræma framkvæmdina við önnur Norðurlönd.

Samræma um allt land fjárhæðir, gagnaöflun og þjónustu.

Auka virkni notenda.

Mæta athugasemdum sveitarfélaga.

Auka samspil milli kerfa sem Vinnumálastofnun hefur yfirsýn með.

Auka yfirsýn og stýra greiðslum betur vegna 15. gr.